

Ritstjórnargrein

Hagsmunaárekstrar og heilbrigðisfræði

Samkvæmt gögnum sem komin eru frá einum stærsta tóbaksframleiðanda í heimi (Brown og Williamson tóbaksfyrirtækinu) og birst hafa í Bandaríkjunum frá því á haustmánuðum 1993 þykir sýnt að:

1. Rannsóknir sem tóbaksframleiðendur létu gera á skaðsemi tóbaks voru oft á tíðum betri og nákvæmari en svipaðar rannsóknir sem unnar voru í heilbrigðisgeiranum.

2. Framkvæmdastjórn Brown and Williamson tóbaksfyrirtækisins var ljóst fyrir löngu að tóbaksneysla er skaðleg heilsu manna og að nikótín er vanabindandi. Innan framkvæmdastjórnarinnar var rætt hvort upplýsa ætti almenning um þessa vitneskju.

3. Tóbaksframleiðendur ákváðu að halda sannleikanum um þetta leyndum.

4. Tóbaksframleiðendur földu rannsóknirnar fyrir dómstólum með því að senda niðurstöðurnar til lögfræðideilda sinna, og lögfræðingar þeirra héldu því fram að niðurstöðurnar ættu að liggja í þagnargildi í málaferlum, þar sem um væri að ræða sérstök skjöl sem vörðuð trúnað milli lögfræðinga og skjólstæðinga þeirra.

5. Þrátt fyrir framangreinda vitneskju hafa tóbaksframleiðendur haldið því fram (og halda enn fram) að tengslin milli reykinga og heilsutjóns væru ósönnuð. Gagnvart almenningi hafa þeir látið sem þeir hefðu áhuga á að slík tengsl væru rannsökuð, og einnig að æskilegt væri að skoða hvort nikótín væri ávanamyndandi.

Hægt er að lesa meira um þetta í einu af júlíheftum bandaríska læknablaðsins JAMA sem sérstaklega var helgað upplýsingum frá Brown og Williamson tóbaksfyrirtækinu og athugunum Stanton A. Glantz prófessors og félagans hans við Kaliforníuháskólann í San Francisco á þessum gögnum (1). Það er forvitnilegt fyrir alla lækna að kynna sér þessa umfjöllun blaðsins og er því bent á hana. Þar er

sýnt hvernig tóbaksframleiðendur, eins og margan hefur reyndar lengi grunað, hafa lagt sig í framkróka um að rugla ályktanir vísindamanna, umbreyta og snúa út úr vísindarannsóknnum og gera almenning óvissan um skaðsemi tóbaksneyslu.

Innan bandaríska læknafélagsins og í bandaríska læknablaðinu er einnig rætt hvernig haldið skuli áfram baráttunni gegn tóbaksnotkun og hvaða aðferðum skuli beitt til að benda læknum, almenningi og stjórnmalamönnum á að skaðsemi tóbaks sé óyggjandi og þess vegna nauðsynlegt að koma í veg fyrir notkun þess. Þar er meðal annars tekið fram að heilsufar þjóðarinnar sé mikilvægara en hagnaður ákveðins iðnaðar og er þar átt við tóbaksframleiðendur.

Ein af tillögum bandaríska læknafélagsins er að hvetja læknaskóla, vísindastofnanir og einstaka vísindamenn til að neita að taka við þeningum frá tóbaksframleiðendum eða fylgifiskum þeirra til þess að hindra að þessir aðilar verði trúverðugir í augum almennings og annarra. Félagið telur að Brown og Williamson gögnin staðfesti hald sumra manna að fyrirbæri sem tengjast tóbaksíðnaðinum, svo sem „The Council for Tobacco Research“, „The Smokless Tobacco Research Council“ og „The Center for Indoor Air Research“, séu notuð af tóbaksframleiðendum til þess að sannfæra almenning um að enn leiki vafi á hvort tóbaksneysla valdi heilsutjóni, ennfremur til þess að afla sér virðingar og til þess að þagga niður í háskólaþólki og vísindamönnum. Félagið er einnig sammála ályktun undirnefndar hjá Krabbameinsráðinu (National Cancer Advisory Board) að draga eigi til baka fjárstuðning úr alríkissjóðum, sem veittir hafa verið til krabbameinsrannsókna, ef rannsóknarstofurnar hafa einnig þegið stuðning frá tóbaksframleiðendum.

Þegar haft er í huga, hve hægt væri að koma í veg fyrir mikið heilsuleysi og vanlíðan ef fólk hætti að reykja vaknar sú spurning, hvort hægt sé að draga almennan lærdóm af þessu máli tóbaksframleiðenda í Bandaríkjunum. Læknafélagið þar hefur brugðist hart við þeim upplýsingum, sem fram hafa komið á Brown og Williamson gögnunum, og skorið upp herör gegn tóbaksframleiðendum. Það er gert vegna þess að ljóst þykir að tóbaksframleiðendur hafi varið hagsmuni sína á óprúttinn hátt. Dæmi tóbaksframleiðenda er augljóst nú þegar ofangreindar upplýsingar liggja fyrir. Áður höfðu menn lengi grunað tóbaksíðnaðinn um græsku en nú þegar flett hefur verið ofan af honum er von að menn hugsi til aðstæðna sem eru hliðstæðar að nokkru eða öllu leyti.

Í stað þess að forvarnarlækningar láti við það sitja að sýna fram á að ákveðnar hættur séu

samfara atriðum í lífsstíl, neysluvenjum eða umhverfismengun þarf einnig að hafa í huga hvort lækna, almenningur og stjórnálamenn fái óhindrað að tileinka sér og njóta góðs af slíkri nýrri þekkingu eða hvort einhver spillir fyrir því vegna þess að hann telur hagsmunum sínum ógnað. Slík hagsmunagæsla getur stefnt lífi fólks og heilsu í voða. Hafa þarf í huga hvort hagsmunaárekstrar fléttist inn í almenn heilbrigðis- og forvarnarmál. Það er eðlilegt að spyrja hvort alvarlegir hagsmunaárekstrar kynnu að vera til staðar þegar deilt er um hollustu ýmissa fæðutegunda eða skaðsemi mengunar í nánasta umhverfi mannsins, svo sem á heimilum eða vinnustöðum.

Vilhjálmur Rafnsson

HEIMILD

JAMA 1995; 274: 219-58.